

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 161/2019 um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins á Hornströndum, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest breytingu á eftirfarandi reglum um umferð og dvöl sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins á Hornströndum, Ísafjarðarbæ, í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013.

1. 2. gr. orðast svo: Þess skal gætt að kvikmyndataka og ljósmyndun trufli hvorki dýralíf né gesti friðlandsins. Öll kvikmyndataka og ljósmyndun sem krefst aðstöðu, viðveru við greni, mannafla eða tækjabúnaðar er ávallt háð leyfi Umhverfisstofnunar. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt, til að mynda varðandi umgengni, fjarlægðarmörk, tímasetningar myndatöku, rekstur rafstöðva og fleira. Sótt skal um leyfi til ljósmyndunar og kvikmyndatöku fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst ár hvert, ekki seinna en 30. mars. Vegna lífríkisverndar er fjöldi leyfa til myndatöku við greni í Hornvík takmarkaður við tvö leyfi á tímabilinu 1. maí – 31. ágúst. Byggja skal val á umsóknum á hæfni og reynslu umsækjanda.
2. 10. gr. orðast svo: Óheimilt er að lenda flugvélum innan friðlandsins utan lendingarsvæða sem skilgreind eru samkvæmt gildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Undanskilið banninu eru ferðir landeigenda sem lenda á sínu landi eða aðila á þeirra vegum sem sinna eftirliti og viðhaldi eigna eða flutningi á vistum og birgðum vegna nýtingar og viðhalds eigna. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. lög nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands, lögreglulög nr. 96/1996 og reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita nr. 289/2003.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. júní 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2021